

		Nr. í í B-deild Stjórnartíðinda
830	Minningarsjóður hjónanna Sveins Gunnarssonar og Margrétar Árnadóttur frá Mælifellsá í Skagafirði	29/1955
867	Byggingarsjóður Garðakirkju	42/1958
900	Minningarsjóður frú Gunhördu Magnússon	32/1960
912	Elísabetarsjóður	203/1960
956	Minningarsjóður Þorláks Jónssonar, Ingibjargar Bjarnadóttur og Sigríðar Bjarnadóttur	223/1962
1066	Barnaheimilissjóður Sjómannadagsins í Reykjavík	110/1969
1074	Minningarsjóður sr. Ingólfs Þorvaldssonar fyrrverandi sóknarprests í Ólafsfirði	230/1969
1110	Barnaheimilissjóður hjúkrunarfélagsins „Hjálpar“, Patreksfirði	72/1972
1168	Minningarsjóður Katrínar Pálsdóttur (Katrínarsjóður)	284/1976
1210	Byggingarþjónustan	169/1979
1293	Minningarsjóður Steingríms Jóns Guðjónssonar	203/1985
1408	Minningar- og styrktarsjóður Guðfinnu Þorvaldsdóttur og Egils Júlíussonar	617/1991
1416	Sjálfsseignarstofnunin Réttarholt	127/1992
	Minningarsjóður Kvenfélagsins Líknar	252/1964

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. janúar 2001.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um fráveitu, holræsi og holræsagjöld í Blönduóssbæ.

I. KAFLI

Um fráveituna.

1. gr.

Blönduóssbær starfrækir fráveitu í sveitarfélaginu og sveitarsjóður kostar rekstur fráveitunnar og framkvæmdir við hana. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveituna og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana.

2. gr.

Fráveitan, sem byggir á holræsakerfi og búnaði í eigu Blönduóssbæjar, veitir fráveituvatni frá byggð til viðtaka. Fráveituvatn getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn og ræsisvatn. Sveitarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi af götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Enn fremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, rotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

3. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðarmörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn.

4. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Húseigendum er óheimilt að leggja sjálfir fráveitu frá húseignum sínum til viðtaka nema með samþykki sveitarstjórnar.

5. gr.

Þar sem fráveitulagnir sveitarfélagsins ná ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn um rotþrær og siturleiðslur til viðtaka. Blönduóssbær kostar kaup, niðursetningu, frágang rotþróa og siturlagna ef um íbúðarhús er að ræða. Er litið á þann búnað sem hluta af fráveitukerfinu. Eigendur gripahúsa geta sótt um undanþágu til að leggja eigin holræsi eða koma upp rotþróum.

6. gr.

Skipulags- og byggingaefirlit sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna holræsi frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær.

7. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Blönduóssbæ er skylt að halda raski í lágmarki, ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eða eins og við verður komið.

8. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og sjá um hreinsun þeirra og gæta þess að þau stíflist ekki. Fráveitulögn frá fasteign að tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins er eign fasteignareiganda og skal hann kosta allt viðhald og hreinsun hennar. Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

II. KAFLI

Um holræsagjald.

9. gr.

Hverjum sem á hús eða húshluta í Blönduóssbæ eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði þar sem holræsi hefur verið lagt í ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarstjóðs. Upphæð holræsagjalds skal vera 0,25% af fasteignamati lóðar og mannvirkja samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

10. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt tengigjald af þeim eigendum fasteigna sem tengjast fráveitu sveitarfélagsins eða rotþró í eigu sveitarfélagsins. Tengigjald fyrir hverja fasteign skal vera 10.750 kr. og tekur gjaldið breytingum miðað við byggingarvísitölu. Grunnvísitala er 245,5 stig.

11. gr.

Holræsagjald greiðist af eiganda fasteignar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Holræsagjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

12. gr.

Gjalddagar holræsagjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal holræsagjald innheimt með fasteignagjöldum.

13. gr.

Með vísan til heimildar í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 137/1995 er sveitarstjórn heimilt að fella niður eða lækka holræsagjöld til tekjufátilla elli- og örorkulífeyrisþega samkvæmt nánari reglum sem sveitarstjórn setur um lækkanir fasteignagjalda.

14. gr.

Brot á reglugerð þessari, sem gildir um fráveitu, holræsi og holræsagjöld í Blönduóssbæ, varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Blönduóssbæjar staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Blönduóshreppi nr. 169/1973.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. janúar 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um fráveitu, holræsi og holræsagjöld í Höfðahreppi.

I. KAFLI

Um fráveituna.

1. gr.

Höfðahreppur starfrækir fráveitu í sveitarfélaginu og sveitarsjóður kostar rekstur fráveitunnar og framkvæmdir við hana. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveituna og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana.

2. gr.

Fráveitan sem byggir á holræsakerfi og búnaði í eigu Höfðahrepps veitir fráveituvatni frá byggð til viðtaka. Fráveituvatn getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn og ræsisvatn.

Sveitarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi af götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Enn fremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar og hreinsistöðvar.